

## **Bréf umhverfis- og skipulagssviðs dags. 16. október 2020 til íbúaráðs Miðborgar og Hlíða.**

Góðan dag,

Það tilkynnist hér með að auglýsing vegna tillögu að breytingu á deiliskipulagi Reykjavíkurflugvallar birtist í Frétta- og Lögbirtingablaðinu í dag, 16. september 2020. Tillagan eru í kynningu frá 16. september 2020 til og með 28. október 2020. Hægt er að nálgast gögn á meðfylgjandi slóð.

<https://reykjavik.is/skipulag-i-kynningu/reykjavikurflugvollur-breyting-deiliskipulagsmorkum>

**Í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, er hér með auglýst tillaga að breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík.**

### **Reykjavíkurflugvöllur, breyting á deiliskipulagsmörkum**

Á fundi skipulags- og samgönguráðs þann 1. júlí 2020 og borgarráðs Reykjavíkur þann 2. júlí 2020 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi Reykjavíkurflugvallar. Í breytingunni felst staðsetning á nýju hliði, breytt afmörkun girðingar og breyting á deiliskipulagsmörkun til samræmis við deiliskipulag Nýja Skerjafjarðar. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillöguna má einnig nálgast á skjá og tölvu í þjónustuveri Reykjavíkurborgar að **Borgartúni 12-14**, 1. hæð, virka daga kl. 8:20 – 16:15 frá **16. september 2020 til og með 28. október 2020**. Einnig má sjá tillöguna á vefnum, [www.reykjavik.is](http://www.reykjavik.is), skipulag í kynningu. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillöguna. **Ábendingum og athugasemdum við tillöguna skal skila skriflega til skipulagsfulltrúa eða á netfangið [skipulag@reykjavik.is](mailto:skipulag@reykjavik.is), eigi síðar en 28. október 2020. Vinsamlegast notið uppgefið netfang fyrir innsendar athugasemdir með tölvupósti.**

Kveðja,  
Þuríður Guðmundsdóttir  
Reykjavíkurborg – umhverfis- og skipulagssvið  
Skrifstofa skipulagsfulltrúa  
Borgartúni 12 - 14, 105 Reykjavík  
Sími: 411-1111 - Netfang: [skipulag@reykjavik.is](mailto:skipulag@reykjavik.is)